

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 906 — 558. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um komugjöld sjúklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahúsum á árunum 1997–2002?
2. Hver er breytingin hlutfallslega milli ára á
 - a. bráðamóttöku,
 - b. slysadeild,
 - c. röntgendeild,
 - d. göngudeildum?
3. Eru sömu komugjöld á öllum sjúkrahúsum?

Skriflegt svar óskast.